

Nd.

### 34. Frumvarp til laga

[32. mál]

um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

#### 1. gr.

Síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

#### 2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur.

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og skulu þau hlíta ákvörðun nefndarinnar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar. Fiskiskipum er jafnframt skylt að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um ákveðna löndunarhöfn.

Ef fleiri fiskiskip æskja löndunar í verksmiðju en móttökugeta hennar leyfir, skal nefndin ákveða, hvaða fiskiskip hafi heimild til löndunar í verksmiðjunni og um löndunarröð þeirra, þrátt fyrir ákvæði 1. gr.

#### 3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnu áliti samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna, þ. á m. þóknun nefndarinnar, greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Skal heimilt að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hraefnissmálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Skulu kaupendur standa skil á greiðslum þessum og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

#### 4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í rikissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau til ársloka 1973.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, var samið af nefnd, er sjávarútvegsráðuneytið skipaði 1. júní s. l. til að gera tillögur um fyrirkomulag á löndun loðnu á komandi vertíð. Í nefndinni áttu sæti Jónas Jónsson, framkvæmdarstjóri, Ólafur Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Ólafur Tr. Einarsson, útgerðarmaður, Páll Guðmundsson, skipstjóri og Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Álit nefndarinnar, sem er dagsett 30. september s. l., er svo hljóðandi:

„Hinn 1. júní s. l. skipaði sjávarútvegsráðuneytið undirritaða í nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag á löndun loðnu á komandi vertíð. Nefndin tók þegar til starfa og kynnti sér og ræddi reynslu og sjónarmið íslenskra hagsmunaaðila um þetta efni og aflaði upplýsinga frá Noregi um tilhögun þessara mála þar. Í framhaldi af því samdi nefndin drög að frumvarpi til laga um skipulag og löndun loðnu til bræðslu. Nefndin leitaði umsagnar Félags íslenskra fiskimjòlsframleiðenda, Landssambands íslenskra útvegsmanna, svo og sameiginlegrar umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands og breytti nefndin þessum drögum til samræmis við framkomnar tillögur. Fylgja þau nefndaráliti þessu þannig breytt og það er tillaga nefndarinnar til ráðuneytisins, að það beiti sér fyrir því, að frumvarpið í þessari mynd verði lagt fyrir Alþingi, þegar er það kemur saman á þessu hausti, þannig að það geti orðið að lögum fyrir n. k. áramót. Leggur nefndin áherzlu á, að málinu verði hraðað svo sem kostur er.

Á undanfórnum árum hafa skapazt vandræði í sambandi við löndun á loðnu til bræðslu, sérstaklega þó á síðustu loðnuvertíð. Er það hagsmunamál bæði fiskseljenda og kaupenda að til slíkra árekstra komi ekki. Þá ber að líta til þess, að þjóðhagslega getur verið hagkvæmt að stöðva löndun og beina fiskiskipum til annarra löndunarhafna. Með því að fiskifræðingar spá miklu loðnumagni á miðin á næstu vertíð og erlent verðlag á loðnuafurðum hefur hækkað verulega, má búast við mikilli sókn í loðnu á komandi vertíð. Nefndarmenn eru því sammála um nauðsyn betra skipulags á löndun loðnu á næstu vertíð. Telur nefndin æskilegt, að komið verði á svipaðri tilhögun og tíðkazt hefur í Noregi og taki sú tilhögun til allra fiskiskipa hvort sem þau eru sammingsbundin við ákveðna verksmiðju eða ekki. Nefndin telur ekki að styrkja- eða verðjöfnunarkerfi geti leyst þennan vanda. Þá telur nefndin að svo stöddu ekki ástæðu til að settar verði löndunarreglur um annan afla en loðnu. Til að tryggja, að einstakir aðilar hlíti þeim reglum, er settar verða, svo að skipulag og tilhögun á löndun fari ekki út um þúfur, er óhjákvæmilegt, að

um þetta efni verði sett löggjöf. Drög þau að frumvarpi til laga, sem álitinu fylgja, eru samin með framangreind sjónarmið í huga. Gera drögin ráð fyrir, að lögin gildi til eins árs með það fyrir augum, að þau verði endurskoðuð að lokinni næstu loðnuvertíð.

Meginregla frumvarpsins um löndunarröð kemur fram í 1. gr. þess. Skipulag það og tilhögun, er lýst er í 2. gr. frumvarpsins, kemur því aðeins til, að um svo mikinn afla sé að ræða, að hætta sé á vandræðum vegna óhóflegrar samkeppni og/eða hagkvæmt sé að jafna loðnumagni milli verksmiðja til að tryggja þeim verkefni. Hefur þá 3ja manna nefnd, sem skipuð er fulltrúum fiskseljenda, fiskkaupenda og einum oddamanni, stjórn þessara mála með höndum, svo sem nánar er lýst, í greininni. Verði ágreiningur í nefndinni um einstök atriði ræður afl atkvæða. Nefndin ræður sér starfslíð, ef með þarf. Nefndin ber ekki ábyrgð á greiðslugetu einstakra fiskkaupenda, þótt fiskseljandi verði að hlíta tilhögun laganna og stjórn nefndarinnar.

Nefndin skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölverksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur. Skal tekið skýrt fram, að ekki er ætlað til, að nefndin ákveði um sjálfa móttökugetuna, heldur taki ákvarðanir eftir þeim upplýsingum, er einstakar verksmiðjur veita um hana. Þær upplýsingar, sem hér er um að ræða eru t. d. um geymslurými, loðnumagn í hverri verksmiðju á hverjum tíma, geymsluþol loðnunnar o. fl. Verður nefndin, ef svo ber undir, að taka ákvörðun um stöðvun móttöku einstakra verksmiðja, og hve mikið megi hafa gengið á hráefni til að löndun geti hafizt á ný.

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Undirritaðir hafa rætt við starfsmenn Landssímans um þetta atriði og virðist engin vandræði vera á frumkvæmd þessari. Gæti þá komið til, að fiskiskipum yrði, gegnum fjarskiptastöð, beint á ákveðnar löndunarhafnir eða verksmiðjur í ákveðinni löndunarröð.

Gert er ráð fyrir að fiskseljendur og kaupendur greiði kostnaðinn af framkvæmd laganna að jöfnu. Veltur kostnaðurinn að miklu leyli á því, hve mikið starf nefndarinnar verður, en það getur orðið mismikið.

Að öðru leyti skýra frumvarpsdrögin sig sjálf.

Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, sótti síðustu fundi nefndarinnar í forföllum Ólafs Tr. Einarssonar, útgerðarmanns.“